

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2016

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2016 skipuðu:

- Þórir Ólafsson, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúi KÍ
- Hanna Berglind Jónsdóttir, fulltrúi KÍ
- Ingi Bogi Bogason, fulltrúi FÍF
- Þórdís H. Ólafsdóttir, fulltrúi SÍS

Nefndin hélt fjóra fundi á árinu:

- 22. janúar (nefndarfundur)
- 11. febrúar (nefndarfundur)
- 21. mars (nefndarfundur)
- 28. apríl (nefndar- og úthlutunarfundur)

Starfsemi

Ný stjórn Þróunarsjóðs námsgagna var skipuð í ársbyrjun 2016 en fjórir af fimm meðlimum stjórnar hurfu til annarra verkefna. Þórir Ólafsson var skipaður nýr formaður stjórnar og þrír af fjórum meðstjórnendum komu nýir inn. Anna María Gunnarsdóttir var eini stjórnarmeðlimurinn sem hélt áfram störfum frá fyrra ári og var hún valin varaformaður stjórnar.

Ný stjórn ákvað að halda auglýstum hámarksstyrk til sjóðsins í 1,75 m.kr. fyrir árið 2016. Ákveðið var að forgangsríði sjóðsins á árinu væri nýting stafrænnar tækni til að efla lestur og lesskilning, sem og nýsköpun í list- og tæknigreinum.

Sjóðnum bárust alls 109 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmum 154 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um fullan styrk, eða 1,75 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam um 1,46 m.kr.

45 umsóknir (41%) féllu undir forgangsattriði ársins og fjölluðu um nýtingu stafrænnar tækni við eflingu lestrar/lesskilnings og nýsköpun í list- og tæknigreinum. 63 umsóknir (58%) féllu undir önnur áhersluatriði. 1 umsókn (1%) var ógild.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 38 karla (35%), 55 konur (50%) og 16 fyrirtæki/stofnanir (15%). Meðumsækjendur voru alls 92 talsins; 32 karlar (35%), 55 konur (60%) og 5 fyrirtæki/stofnanir (5%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem ákvað úthlutun ársins.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 35 verkefna fyrir árið 2015 fyrir alls 51,4 m.kr. Þetta voru 14 karlar (40%), 15 konur (43%) og 6 fyrirtæki/stofnanir (17%)¹. Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkuppþæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Alma Sigurðardóttir	<i>Byggingarlist með börnum</i>	450.000
Andrés Ellert Ólafsson	<i>Sagan um Almar</i>	1.600.000
Ásthildur B. Snorradóttir	<i>Orðagull, smáforrit fyrir spjaldtölvur</i>	1.449.000
Berglind Sigmarsdóttir	<i>Sjálfbærni: Lifandi verkefni fyrir grunnskóla</i>	1.275.000
Bergljót Baldursdóttir	<i>Rafbók og vefsíða barnabókar um tvítyngi</i>	1.750.000
Birna Sigrún Hallsdóttir	<i>Kennsluefni: Mengun sjávar</i>	1.750.000
Bjarni Benedikt Björnsson	<i>KLAKI – gagnagrunnur um grunnorðaförða íslensku</i>	1.280.000
Björn Þorvarðarson	<i>Lestrarleikurinn</i>	1.728.000
Brynja Stefánsdóttir	<i>Verkefni fyrir ný smásagnasöfn í dönsku</i>	1.100.000
Eggert Björgvinsson	<i>Skólatónar</i>	1.750.000
Emil Hjörvar Petersen	<i>Stjörnuskiðan: uppfinningaflakk á Gullöld íslams</i>	1.750.000
Forlagið ehf.	<i>Íslands- og mannkynssaga I</i>	1.750.000
Forlagið ehf.	<i>Íslands- og mannkynssaga II</i>	1.750.000

¹ Þeir aðilar sem fengu fleiri en einn styrk í þessari úthlutunarlotu eru taldir sem því nemur, þ.e. litið var til aðalumsækjanda hverrar umsóknar fyrir sig. Aðili sem hlýtur styrki fyrir tvö verkefni er því talinn tvisvar o.s.frv.

Guðjón Andri Gylfason	<i>Máttur kolefnanna</i>	1.600.000
Hafdís Finnbogadóttir	<i>Stærðfræði fyrir leikskóla</i>	1.750.000
Hanna Kristín Skaftadóttir	<i>Þróun á stafrænu leikja- og kennslufni til lestrar málörvunar</i>	1.750.000
Helmut Helgi Hinrichsen	<i>Hagnýt stærðfræði</i>	1.200.000
Hilmar Rafn Emilsson	<i>Rannsakaðu eins og fræðimaður</i>	250.000
Hrafnkell S. Gíslason	<i>Völundarhús</i>	510.000
Iðnmennt ses	<i>Rafrænt kennslufni í vinnuvernd</i>	1.750.000
Iðnmennt ses	<i>Fagteikning tréiðna (grunnteikning)</i>	1.750.000
Iðnmennt ses	<i>Hráefnis- og aðferðafræði matreiðslu og menningarbundnir matarhættir</i>	1.750.000
Jón Rúnar Hilmarsson	<i>Töfrar himinsins</i>	1.120.000
Katrín Ólafsdóttir	<i>Söguvefur</i>	1.750.000
Kristrún María Heiðberg	<i>Félagsfærni grunnskólabarna – verkefni</i>	1.750.000
Magnús Bjarklind	<i>Garðar byggðir á vistkerfum</i>	1.600.000
Margrét Hugadóttir	<i>Vísindavaka</i>	1.750.000
Pamela De S. Kristbjargardóttir	<i>Íslensk tónlistarsaga fyrir börn</i>	1.093.000
Rannveig G. Lund	<i>Fimm vinir í blíðu og stríðu</i>	1.750.000
Sandra Tryggvadóttir	<i>Heilabrótur – Verklegt námsefni í raunvísindum</i>	854.000
Sigurður Fjalar Jónsson	<i>Brot úr sögu 20. aldarinnar</i>	1.280.000
Starkaður Barkarson	<i>Skilningsríkur – lesskilningskennsla á miðstigi</i>	1.750.000
Vignir Örn Guðmundsson	<i>Skólaútgáfa Box Island og stuðningsefni fyrir kennara</i>	1.750.000
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga	<i>Byrjendaefni í stærðfræði fyrir blinda</i>	1.542.000
Þorbjörg Halldórsdóttir	<i>Íslenska er málið</i>	1.750.000
		51.431.000

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 14. október 2016

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís